

AkureyrarAkademían

Ársreikningur 2019

Efnisyfirlit

Bls.

Skýrsla stjórnar	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4 - 5
Rekstrarreikningur	6
Efnahagsreikningur	7
Skýringar og sundurliðanir	8 - 10

Skýrsla stjórnar

AkureyrarAkademían er samfélag fólks á Norðurlandi sem lokið hefur háskólaprófi og sinnir fræði- og /eða ritstörfum. Félagið var stofnað á árinu 2014 og tók við starfsemi Félags sjálfstætt starfandi fræðimanna á Norðurlandi. Tilgangur stofnunarinnar er að vera aflvaki fræðilegra rannsókna og miðlunar þeirra, með sérstakri áherslu á þverfaglegar rannsóknir og alþjóðlegt samstarf.

Afgangur varð af rekstri stofnunarinnar á árinu 2019 að fjárhæð kr. 1,9 millj. samanborið við kr. 2,8 millj. í afgang af rekstri árið 2018. Eigið fé stofnunarinnar nam kr. 7,9 millj. í árslok 2019.

Stofnendur stofnunarinnar eru þeir fræðimenn sem staddir voru á stofnfundi og undirrituð fyrstu skipulagsskrá stofnunarinnar. Ennfremur þeir fræðimenn sem boðaðir voru til stofnfundar, en voru fjarverandi, enda höfðu þeir eða umboðsmenn þeirra samþykkt skipulagsskrána með undirritun sinni.

Það er álit stjórnar AkureyrarAkademíunnar að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu stofnunarinnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun komi fram í ársreikningnum.

Stjórn AkureyrarAkademíunnar staðfestir hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2019 með áritun sinni.

Akureyri, 18. maí 2020

Stjórn:

Steinunn A. Ólafsdóttir
Ólafur B. Thorvaldsson
Hlynur Þórðarson

Framkvæmdastjóri:

Atalius Þorsteinsson
Heingrimur S. Ólafsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar AkureyrarAkademíunnar

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning AkureyrarAkademíunnar fyrir árið 2019. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um helstu reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glöggja mynd af afkomu stofnunarinnar á árinu 2019, efnahag hennar 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé á árinu 2019, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir áliti

Grundvöldur fyrir allt
Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðenda hér að neðan. Við erum óháð AkureyrarAkademíunni í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Ábyrgð Stjórnar og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi AkureyrarAkademíunnar. Ef við á skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna var ákveðið að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreikningsins, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að gera það.

Stíórn AkureyrarAkademíunnar skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábúrgæ endurskoðenda á endurskoðun ársreikningsins

Abyrgð endurskoðanda að endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissa er mikil vissa, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötvu allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við faglegri tortryggni í gegnum endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða svíksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna svíksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem svíksemi getur falið í sér samsærí, skjalafals, misvisandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
 - Öflum skilnings á innra eftirliti sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits stofnunarinnar.
 - Metum hvort reikningsskilaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
 - Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemnum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi stofnunarinnar.